

64 amtmaður, það er nú skal greina, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlut-
16. maí. aðeigöndum.

Með því að óskilgetin börn eiga sömu sveit og móðir þeirra, svo sem segir í G. gr. reglugjörðar 8. janúar 1834, og því verður svo að virða, sem styrkur sá, er lagður er óskilgetnum börnum, sje veittur móðurinni, getur slíkur óendurgoldinn sveitarstyrkur eigi verið því til fyrirstöðu, samkv. tilsk. 30. apríl 1824, 3. gr., 10. tölul., að faðirinn bindist hjúskap við einhvern annan kvennmann en móður hinna óskilgetnu barna sinna, enda verður og engin breyting á hreppshelgi barna þessara, þótt faðir þeirra kvongist.

65 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjár-*
21. maí. *rekstrabann.* — Með þóknanlegu brjefi frá 30. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni, þar sem sýslunefndarmennirnir í Borgarfjarðarsýslu fara þess á leit, að bannið gegn því að reka og flytja fje yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis verði numið úr gildi frá næstu fardögum, þar sem nú sje ástæða til að ætla, að kláðagrunurinn sje horfinn.

Fyrir því læt jeg ekki undan falla að tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að jeg að vísu vona, að kláðaveikinni sje með öllu útrýmt af svæði því, er fjeð hefir verið grunað á, en jeg samt álít það skyldu mína gagnvart fjáreigöndunum fyrir utan svæði þetta, að láta hið nefnda rekstrabann standa óbreytt í sumar, og get því ekki veitt það, sem farið hefir verið fram á. Þar á móti má ekki varna fjárflutningum eða rekstrum úr einni sveit í aðra innan takmarka kláðasvæðisins, og ástæða virðist vera til að veita einstökum fjáreigöndum, er ætla sjer að flytja búferlum í vor yfir þessi takmörk, undantekningar frá rekstrabanninu. Jeg vil þess vegna hjer með fela yður, herra amtmaður, á hendur, að veita slíkar undantekningar, ef sýslunefndin í hjeraði því fyrir utan kláðasvæðið, er hlutaðeigandi bóndi ætlar sjer að flytja í eða úr, mælir með því, að hann fái leyfi til að flytja allt fje sitt eða nokkuð af því, og ber þá í hverju einstöku tilfelli að tiltaka hin nákvæmari skilyrði, sem nauðsynleg þykja til að hafa eptirlit með fje því, sem flutt er.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 12. f. m. þóknadist hans hátign konunginum allramildilegast að skipa bæjarfógeta í Reykjavík og sýslumann í Gullbringu- og Kjósarsýslu Lárus Eðvard Sveinbjörnsson 2. meðdómara og dómsmálaritara í landsfyrirjettinum, cand. juris Sigurð Jónsson sýslumann í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 6. júní þ. á., og cand. m. & ch. Guðmund Guðmundsson hjeraðslækni í 19. læknishjeraði.

Hinn 7. þ. m. skipaði landshöfðingi cand. theol. Sigurð Gunnarsson prest að Ási í Fellum í Norður-Múlaprófastsdæmi, — og 10. s. m. síra Hjörleif Guttormsson á Tjörn í Svarfaðardal prest að Völlum í Svarfaðardal í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

ÓVEITT EMBÆTTI.

a. er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á :

— Bæjarfógetaembættið í Reykjavík. Árslau 3000 kr., og óvissar tekjur samkvæmt 2. gr. í lögum 14. desbr. f. á. um laun sýslumanna og bæjarfógeta. Skrifstofukostnaðarendurgjald 1000 kr. á ári.
— Sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu í suðurumdæmi Íslands. Árslau 3000 kr., og óvissar tekjur samkvæmt 2. gr. í lögum 14. desbr. f. á. um laun sýslumanna og bæjarfógeta.

Søki aðrir en Íslendingar um þessi embætti, verða þeir hinir sömu að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu, samkvæmt konungsúrskurðum 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863.

Embættin voru auglýst laus 30. apríl þ. á., og eiga bónarbrjef um þau að vera komin til ráðgjafans 11. ágúst þ. á.

b. er landshöfðingi veitir :

Tjarnar-prestakall í Svarfaðardal í Eyjafjarðarprófastsdæmi, met. kr. 1138,^{sz} augl 13. þ. m. Umbod þykkvabæjar- og Kirkjubæjar klaustra og Flögujarða í Skaptafellsýslu frá fardögum 1879. Bónarbrjef um umbodið eiga að vera komin til landshöfðingja 1. desbr. þ. á.